

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2016



Plakat af Perlu Fáfnisdóttur, kvígundi sem Rauðsokkur krýndu á Akranesi 10. september 1972 í mótmælaskyni við fegurðarsamkeppni, var meðal nýrra aðfanga.

Reykjavík, júní 2017

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2016

Umsjón:
Rakel Adolphsdóttir

Yfirlestur:
Bragi Þorgrímur Ólafsson
Ragnheiður Kristjánsdóttir
Vilborg Eiríksdóttir



Kvennasögusafn Íslands
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Sími: 525 5779
Netfang: kvennasogusafn@landsbokasafn.is
Veffang: <http://www.kvennasogusafn.is>
www.facebook.com/Kvennasogusafn
www.twitter.com/Kvennasogusafn

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns Íslands

Til stuðnings og ráðuneytis um málefni Kvennasögusafns Íslands starfar sérstök stjórnarnefnd. Hana skipuðu árið 2016:

Bragi Þorgrímur Ólafsson, fulltrúi Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns
Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands til 30. september
Ingibjörg H. Hafstað, fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands frá 1. október
Ragnheiður Kristjánsdóttir, fulltrúi RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands

Starfsmenn

Auður Styrkárdsdóttir stjórn málafræðingur tók við starfi forstöðukonu um mitt ár 2001. Forstöðukona er eini fasti starfsmaður safnsins. Hún var í 80% starfi frá ársbyrjun 2010. Auður lét af störfum sumarið 2016 og Rakel Adolphsdóttir sagnfræðingur var ráðin í hennar stað. Rakel tók við störfum 1. ágúst 2016. Aðrir starfsmenn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns (Lbs-Hbs) koma að ýmsum verkefnum eftir atvikum. Eins tekur starfsmaður Kvennasögusafns þátt í öðrum verkefnum Lbs-Hbs eftir atvikum.

Starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og stuðla sjálfst að rannsóknum á safnkostinum.

Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna.

Til safnsins leita einkum nemar og fræðimenn í heimildaleit og annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berast því fyrirspurnir erlendis frá.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.

- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.
- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.
- Sjálfstæðum rannsóknum sem nýtast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðukonu: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif og fyrirlestrar.

Safnið var opið mánudaga-fimmtudaga milli kl. 10-15 en forstöðukona hafði lengri viðveru. Safnið var lokað á föstudögum og vegna orlofs forstöðukonu. Í ágúst 2016 var opnunartíma safnsins breytt og er nú opið á föstudögum.

Kvennasögusafn hefur verið staðsett á 4. hæð Þjóðarþóklöðunnar í 20 ár en flutti í haust á 1. hæð. Þaðan eru sótt skjöl fyrir gesti til afnota á lestrarsal á 1.hæð.

Aðföng og skráning

Safninu bárust 16 einkaskjalasöfn árið 2016. Meðal aðfanga má nefna gögn Rauðsokkahreyfingarinnar sem áður höfðu legið í bílskúr í nær fjóra áratugi, gögn Félags Matráðskvenna og gögn frá starfsemi Friðarhreyfingar íslenskrar kvenna. Þá bárust einnig gögn einstakra kvenna, þar á meðal gögn Sigurveigar Guðmundsdóttur (1909-2010), Nönnu Kaaber (1918-2011) og Bergþóru Sigmundsdóttur (f. 1950) frá starfsemi Jafnréttisráðs en hún var fyrsti framkvæmdastjóri þess.

Aðföng Kvennasögusafns eru skráð í sérstaka skrá sem geymd er á Kvennasögusafni. Á heimasíðu safnsins má finna upplýsingar um gögn kvenfélaga og einstaklinga sem kosið hafa að geyma skjöl sín hjá Kvennasögusafni. Á árinu 2013 var hafin vinna við rafræna skráningu þeirra skjalasafna sem í safninu eru og þau skráð í vefinn einkaskjol.is. Við árslok 2016 höfðu 94 skjalasöfn verið skráð þar inn.

Heimsóknir og samfélagsmiðlar

Á árinu 2016 voru gestir 93 talsins samkvæmt gestabók, 13 karlar og 80 konur. Skráð voru 54 símtöl; 12 símtöl við karla og 42 símtal við konur, og 87 tölvupóstar; 10 við karlmenn og 77 við konur (hver einstaklingur aðeins talinn einu sinni). Í gegnum facebook-síðu Kvennasögusafns voru sendar 3 fyrirspurnir, allar frá konum. Erindin voru eðlilega mörg og misjöfn og mislangan tíma tók að greiða úr þeim. Í ár bárust fjölmörg erindi frá erlendum

fjölmiðlum varðandi upplýsingar um Kvennafrídaginn 1975, bárust fyrirspurnir m.a. frá Póllandi, Bretlandi, Bandaríkjunum, Svíþjóð og Ísrael.

Heimsóknir á vef Kvennasögusafns eru fjölmargar á ári hverju, og sérstakur teljari fylgist með umferð. Á árinu 2016 voru innlit 13.149 talsins, fækkaði frá árinu 2015 en þá voru þau 15.442. Flest innlitin voru frá Íslandi en þar á eftir frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Svíþjóð. Vinsælustu einstöku síðurnar voru „Women’s Suffrage in Iceland“, „Kvennafrídagur 24. október 1975“ og „Ártöl og áfangar“.

Facebook-síða Kvennasögusafns var stofnuð í mars 2012. Í lok árs 2016 líkuðu 1031 manns við síðuna, það er fjölgun frá árinu 2015 þegar 762 manns höfðu líkað við síðuna. Vinsælasta innslagið frá árinu var um Bríet Bjarnhéðinsdóttur sett inn á afmælisdag hennar þann 27. september. Næst vinsælasta innslagið var um Önnu Sigurðardóttur, sett inn á afmælisdegi hennar 5. desember. Það þriðja vinsælasta var um plakat úr fórum Rauðsokka og hafði borist með afhendingu Vilborgar Sigurðardóttur frá árinu. Plakatið prýðir forsíðu ársskýrslunnar. Alls birtust 68 færslur á facebook þetta árið. Slóðin er:

<https://www.facebook.com/Kvennasogusafn/>.

Twitter-síða Kvennasögusafns var stofnuð í september árið 2016. Þar er markmiðið að miðla upplýsingum um safnkost Kvennasögusafns sem og helstu þáttum í íslenskri kvennasögu. Síðan er einnig góður vettvangur til að vera í tengslum við erlenda fræðimenn og erlend netverk. Vinsælasta færslan árið 2016 var um verkefni nemenda Kvennaskólans í Reykjavík. Slóðin er: <https://twitter.com/kvennasogusafn>.

Sýningar og viðburðir

Örsýning til minningar um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur var sett upp 27. september, á fæðingardegi hennar, á 1. hæð Þjóðarbókhöðunnar. Var hún unnin með aðstoð frá Handritasafni. Til sýnis voru fyrsta og síðasta blaðgrein Bríetar, fyrsti fyrirlestur hennar og viðbrögð við honum, bréf hennar til Valdimars Ásmundssonar ritstjóra og síðar eiginmanns Bríetar, fyrsta fundargerðarbók Kvenréttindafélags Íslands og handrit hennar að útvarpserindi með áhugaverðri söguskoðun Bríetar. Þá voru einnig sýnd nokkur bréf barna Bríetar til hennar en þau eru fjölmörg varðveitt. Jafnframt var „[Kjörgripur mánaðarins](#)“ hjá Lbs-Hbs tímaritsgrein Bríetar í *Fjallkonunni* frá árinu 1885 í tengslum við sýninguna.

Árlegur jólafundur Kvennasögusafns og Kvenréttindafélags Íslands var haldinn þann 8. desember á Hallveigarstöðum. Vigdís Grímsdóttir las úr ævisögunni *Elsku drauma mín*, Þórdís Gísladóttir las upp úr ljóðabókinni *Óvissustig* og Þórey Mjallhvít las upp úr teiknimyndabókinni *Ormhildarsaga*. Hljómsveitin RuG1 nokkur lög, en hún er skipuð þeim

Ragnheiði Maríu Benediktsdóttur og Guðlaugu Fríðu Helgadóttir Folkmann. Þá fluttu Tatiana Latinovic, varaformaður Kvenréttindafélagsins og Rakel Adolphsdóttir, forstöðukona Kvennasögusafns, erindi.

Erlent samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk Information för Kunskap om Kön, sem hefur frá 2012 haft aðsetur í Gautaborg í Svíþjóð. NIKK starfar á vegum Norðurlandaráðs og er ein af stofnunum ráðsins. NIKK hefur kallað saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda. Þessi söfn hafa með sér óformlegan félagsskap sem nefnir sig NING, eða Nordic Information Network Gender. Forstöðukona sótti fund NING í Kaupmannahöfn í maí.

Safnið á einnig aðild að WINE (Women's Information Network Europe) sem stofnað var 1996 og nær yfir kvennasögusöfn og sambærilegar stofnanir í Evrópu. Markmið WINE er að ýta undir samvinnu kvennasögusafna og standa fyrir sameiginlegum verkefnum.

Starfið framundan

Handritasafn Landsbókasafns, Kvennasögusafn Íslands og Miðstöð munnlegrar sögu vinna saman að innleiðingu og skráningu skjalasafna sinna í sameiginlegan gagnagrunn. Þessi grunnur var opnaður árið 2015. Mikil vinna mun verða fólgin í því að skrá safnið í þennan grunn á næstu árum.

Kristín Jónsdóttir vinnur að því að opna vef um Kvænnaframboðið og Kvænnaframlífan árið 2017. Vefurinn er að hluta til unnin í samstarfi við Kvennasögusafn og Landsbókasafn-Háskólabókasafn og af því tilefni hafa stefnuskrár, fréttabréf og aðrar útgáfur verið myndaðar og gerðar aðgengilegar á vefjunum www.timarit.is og www.baekur.is.

Árið 2017 verða liðin 500 ár frá því Marteinn Lúter negldi blað á hallarkirkjuhurðina í Wittenberg, en sá atburður er talinn marka upphaf siðbótar. Fræðimenn við Háskóla Íslands hafa myndað áhugahópa um rannsóknir er tengjast siðbót og lýðræði og á forstöðukona Kvennasögusafns (Auður) sæti í stýrihóp verkefnisins. Hjá Kvennasögusafni eru varðveitt gögn Kristnibóðsfélags kvenna í Reykjavík sem þykja áhugaverð í þessu samhengi, auk þess sem forsvarsmenn verkefnisins vilja tryggja að hlutur kvenna verði ekki fyrir borð borinn.

Árið 2018 fagnar Landsbókasafn – Háskólabókasafn upp á 200 ára afmæli sitt. Verið er að undirbúa hátíðardagskrá og mun Kvennasögusafn leggja sitt af liði við hátíðarhöldin.

Sama ár verða liðin 110 ár frá fæðingu Önnu Sigurðardóttur og er ýmislegt í bígerð til að halda upp á það.

Aðföng 2016

Handrit

21. janúar barst með pósti þrjár gamlar og litlar ljósmyndir ásamt lítilli skrifkompu merkta Önnu Auðunsdóttur. Með fylgdi bréf frá Kristínu Michelsen, gefanda myndanna.
17. febrúar og 18. mars bárust um hendur Hólmsfríðar Gunnarsdóttur safninu sendibréf sem færð verða í safn Þorbjargar Dýrleifar Árnadóttur (KSS 561).
29. febrúar bárust um hendur Huldu Júlíusdóttur efni úr fórum móður hennar, Nönnu Kaaber (1918-2011): póstkort frá systur hennar, Elínu, heimilisbókhald frá árunum 1952-58 í nokkrum stílabókum, dagbækur, bréfasafn 1945-1969.
4. apríl barst um hendur Hákons Arnars Árnasonar ýmislegt efni úr fórum Þuríðar Jónu Árnadóttur (1920-2012).
25. maí bárust um hendur Sigrúnar Jóhannesdóttur gögn um Félag Matráðskvonna, myndir og skjöl, úr búi Guðrúnar Pálmadóttur (1917-2003). Einnig fylgdu ljósmyndir frá Húsmæðraskólanum á Ísafirði úr fórum Jakobínu Pálmadóttur (1912-1983), húsmæðra- og handavinnukennara á Ísafirði, Blönduósi og í Reykjavík.
16. júní bárust um hendur Þjóðminjasafns Íslands nokkur skírteini tilheyrandi Rannveigu Þorsteinsdóttur, hrl. og þingkonu (1904-1987): skírteini frá Universitété de Poitiers; prófskírteini frá Háskóla Íslands; prófskírteini frá Menntaskólanum í Reykjavík; hamingjuósk frá Félagi framsóknarkvonna í Reykjavík; leyfisbréf frá dómsmálaráðherra; fæðingarvottorð; heiðursfélagaskjal Félags framsóknarkvonna í Reykjavík.
20. júní barst bréfasafn úr búi Herdísar Helgadóttur um hendur Auðar Styrkársoóttur (1929-2007).
24. júní afhenti Vilborg Sigurðardóttir (f. 1939) mikil gögn frá starfsemi Rauðsokkahreyfingarinnar er legið höfðu í bílskúr í nær fjóra áratugi. Meðal þess sem barst voru veggspjöld, fundarbækur, lesefni, tímarit o.fl.
13. júlí afhentu Gerður Steinþórsdóttir, Margrét Björnsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir gögn frá starfsemi Friðarhreyfingar íslenskra kvonna.
19. ágúst afhenti Bergþóra Sigmundsdóttir (f. 1950) gögn frá starfsemi Jafnréttisráðs en hún var fyrsti framkvæmdastjóri þess.
7. september afhenti Magdalena Margrét Kjartansdóttir (f. 1944) bækur, sýningarskrár, boðskort og annað er tengist listaferli hennar.
13. september afhenti Kristín Jónsdóttir (f. 1947) gögn sem varða starf hennar í Kvinnalistanum.
21. september afhenti Guðrún Ágústsdóttir (f. 1947) ýmis gögn úr fórum hennar er tengjast Rauðsokkahreyfingunni.

21. september afhenti Edda Óskarsdóttir (f. 1938) fjórar úrklippubækur frá störfum Rauðsokkahreyfingarinnar fyrir hönd þeirra. Tvær gerði hún sjálf en óvíst er hver gerði hinar tvær.
23. september afhenti Margrét Hrefna Sæmundsdóttir (f. 1943) gögn sem varða starf hennar í Kvinnalistanum og Reykjavíkurlistanum.
13. desember afhenti Margrét Hrenfa Sæmundsdóttir (f. 1943) gögn móður sinnar, Sigurveigar Guðmundsdóttur (1909-2010). Meðal efnis voru bækur, ræður, greinar, úrklippur, ljósmyndir, bréf o.fl.

Annað

12. janúar Sesselja Guðmundsdóttir, Mosfellsbæ, sendi endurminningar móður sinnar, Guðrúnar Lovísu Magnúsdóttur, f. 1922, 23 blaðsíður að lengd.
12. janúar Ragnheiður G. Hrafnkelsdóttir sendi safninu tvö eintök af bókinni *Ljóð. Guðrún Stefánsdóttir frá Fagraskógi*, sem Ragnheiður ritar formála að.
11. apríl bárust í pósti frá Kristínu H. Pétursdóttur, Frostafold 6, tvær ljósmyndir af Jakobínu Johnson skáldkonu. Á annarri er hún með systur sinni, Veigu, á hinni með tveimur barna sinna.
26. maí fært til bókar að þann 18. júní 2015 bárust safninu í tölvupósti skrif um Hjördísi Pétursdóttur, tónlistarmann, (1919-1971), frá syni hennar, Birni Bergssyni, Skerseyrarvegi 4, Hafnarfirði.
31. maí sendi Halla Kristín Einarsdóttir, kvikmyndagerðarkona, í tölvupósti útskriftir af viðtölum við viðmælendur fyrir myndina „Hvað er svona merkilegt við það“?, kvikmynd um Kvinnalistan og kvennabaráttu 9. og 10. áratugarins.
- Október bárust þó nokkur eintök af tímaritinu *Nýtt Kvinnablað* safninu.
10. nóvember sendi Jafnréttisdagar spjöld sem voru prentuð í tengslum við dagana í ár.
22. nóvember sendi Soroptimistaklúbbur Snæfellsness bæklinginn *Þær mörkuðu sporin. Sögur af konum á Snæfellsnesi*.
9. desember Vigdís Finnbogadóttir áritaði og afhenti bókina *Tungumál ljúka upp heimum : orð handa Vigdís*. Bókin kom út 2010 og í henni eru textar eftir 27 íslenska rithöfunda, skrifaðir handa Vigdís Finnbogadóttur í tilefni áttatíu ára afmælis hennar og að 30 ár voru liðin frá forsetakjöri hennar. Bókin var upphaflega gefin út í fimm tölusettum eintökum og ætlunin var að eitt eintak yrði í Þjóðarbókhöfðu. Textarnir voru síðan gefnir út aftur fyrir almennan markað. Áritaða bókin verður varðveitt í Kvinnasögusafni.

12. desember barst um hendur Ingu Láru Baldursdóttur, safnvarðar Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni, tvö lítil plögg; annars vegar miða á fyrirlestur Aðalbjargar Sigurðardóttur í Nýja bíó mánudaginn 10. nóv kl. 7 ½ og hins vegar dagskrá fyrir 20 ára afmælisfagnað Lestrarfélags kvenna í Reykjavík sem fór fram í Iðnó föstudaginn 23. janúar 1931 kl. 8:30. [Seinna plaggið gefið Handritasafni, bæði plöggin eru mjög lítil.]
16. desember gaf Guðrún L. Ásgeirsdóttir [s. 896-5457] eintak af bók sinni *Á meðan ég man. Atburðir ævi minnar. Annað bindi* sem kom út fyrr á árinu. Áður hafði hún gefið fyrra bindið af bók sinni.